

Hafnarfjarðarkaupstaður
Skipulags- og byggingarsvið,
Strandgötu 8
220 Hafnarfjörður



Minjastofnun
Íslands

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300, Bréfsími: 570 1301
www.minjastofnun.is

Reykjavík 15. nóvember 2013
Fvr 2013090007 1KM


Efni: Ljósleiðari frá Krýsuvíkurskóla að gamla Suðurstrandarveginum og í átt að Ögmundarhauni.


Með bréfi dags. 13. sept. s.l. veitti Minjastofnun Íslands umsögn um lagningu ljósleiðara frá Krýsuvíkurskóla að gamla Suðurstrandarveginum og þaðan til vesturs í átt að Ögmundarhauni. Í umsögninni kom fram að vegna nálægðar við friðlýstu fornleifarar á Gestsstöðum og vegna fjölda annarra fornleifar á leið fyrirhugaðs ljósleiðara teldi Minjastofnun Íslands að framkvæmdaraðili þyrfti að hafa samráð við stofnunina um nákvæma staðsetningu ljósleiðarans.

Undirritaður hefur nú farið á vettvang ásamt fulltrúa framkvæmdaraðilans. Þá hefur Minjastofnun Íslands borist loftmynd þar sem sýnd er fyrirhuguð lega ljósleiðarans frá Krýsuvíkurskóla að sveitarfélagsmörkum Hafnarfjarðar og Grindavíkur í vestri. Ljósleiðarinn mun liggja um 100 m vestan við friðlýstu rústirnar á Gestsstöðum og því ekki ógna öryggi þeirra. Lagning ljósleiðarans mun heldur ekki raska öðrum fornleifum sem verða á vegi hans sem eru fyrst og fremst fornar leiðir og vörður meðfram þeim.

Á áður nefndri loftmynd er sýnd möguleg lega annars ljósleiðara til og frá þeim ljósleiðara sem er til umfjöllunar hér að ofan og að þeim stað þar sem Krýsuvíkirkirkja stóð þar til hún brann. Lega þessa ljósleiðara hefur ekki verið skoðuð sérstaklega. Mikið er af fornleifum í kringum kirkjustæðið og því algerlega nauðsynlegt að skoðað verði vel hvernig koma megi ljósleiðaranum þangað án þess að raska fornleifum, ef úr verður.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við lagningu ljósleiðara frá Krýsuvíkurskóla að gamla Suðurstrandarveginum og þaðan til vesturs í átt að sveitarfélagsmörkum Hafnarfjarðar og Grindavíkur Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Kristinn Magnússon
Deildarstjóri

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	19.11.2013
Málsnr:	130 60 50
Bréfal:	710-2